

Reykjavík 1-8-2016

Verkefnisstjórn rammaáætlunar
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Umsögn Suðurorku um drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar

Vísað er til vefs rammaáætlunar þar sem auglýst er almennt umsagnarferli draga að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar með síðasta skiladag umsagna 3.8.2016.

Meðfylgjandi er umsögn Suðurorku um framangreind skýrsludrög.

Almennt

Suðurorka hefur frá árinu 2009 unnið að þróun á Búlandsvirkjun, virkjunarkosti á vatnasviði Skaftár og er fyrirhuguð stærð 150 MW og ársframleiðsla raforku um 1050 GWh. Búlandsvirkjun hefur verið til mats í öllum þremur áföngum rammaáætlunar, en undir öðru nafni í 1. áfanga. Í þróun Búlandsvirkjunar hefur verið varið um 500 milljónum króna í margvíslegar rannsóknir til að skilgreina virkjunarkostinn vel og gera mögulegt að meta áhrif hans á umhverfið. Töldu eigendur Suðurorku víst að með öllum rannsóknargögnum sem lögð voru fram til verkefnisstjórnar næðist að meta kostinn endanlega í þriðja áfanga rammaáætlunar. **Eftir yfirferð ofangreindrar skýrslu rammaáætlunar mæla eigendur Suðurorku með að kosturinn verði áfram settur í biðflokk eða afgreiðslu frestað m.a. vegna þess að faghópar 3 og 4 hafa ekki raðað virkjunarkostum og þar með ekki lokið við mat sitt.** Það vekur athygli að skv. drögum að lokaskýrslu verður ekki heimiluð nýting neinna stórra vatnsfalla til raforkuvinnslu framar, en matsaðferðir þær sem verkefnisstjórn og faghópar hafa valið sér útiloka nokkurn veginn með sjálfvirkum hætti alla stærri virkjunarkosti a.m.k. í vatnsorku, þar sem afmörkun áhrifasvæðis sem allt vatnasvið ofan mannvirkja virkjunar gerir mjög erfitt að virkja neðarlega í löngum farvegum þó svo að það hafi engin teljandi áhrif á umhverfi fjarlægs svæðis, jafnvel á ósnortnu hálendi, sem ástæða er til að skoða m.t.t. verndunar.

Rökstuðningur

Nauðsynlegt að faghópar 3 og 4 skili sínu mati

Niðurstöður faghópa 3 og 4 liggja ekki fyrir. Dráttur á skipun faghópanna gerði þeim erfitt um vik að skila endanlegum niðurstöðum en mikilvægi niðurstaðna þeirra er ótvírætt, ekki síður en niðurstöður hinna faghópanna. Nauðsynlegt er að gefa faghópum 3 og 4 ráðrúm til að ljúka sinni vinnu áður en endanleg flokkun fer fram.

Bætt framsetning niðurstaðna – bæta gæði umræðu og ákvarðana

Lokaákvörðun um flokkun er pólitísk og er nauðsynlegt að niðurstöður allra faghópanna liggi skýr fyrir svo ákvarðanir og tilheyrandi umræða um virkjunarkosti rammaáætlunar verði markviss og ávallt verði auðvelt að vísa nákvæmlega til þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar í einstökum matsatriðum í fagvinnunni. Á þetta skortir og því hætta á að umræðan á grundvelli skýrslunnar fari um víðari völl en ef þessa hefði verið gætt. Þetta má enn bæta og birta á bak við hvert matsatriði hvaða gögn lágu til grundvallar.

Vægi ferðamennsku of mikið

Gögn sem notuð eru þurfa að vera nægjanlega vönduð en Suðurorka telur að vægi ferðaþjónustunnar í matinu sé ekki í takti við gæði og umfang þeirra gagna sem til eru á því sviði. Þá þurfi að gera ráð fyrir að ferðaþjónusta greiði auðlindagjald til landeigenda eins og aðrar atvinnugreinar. Hafi það fækkun ferðamanna í för með sér þá er það eðlileg afleiðing en bændur í Skaftártungu telja sig sitja eftir með átroðning og minni tekjur vegna aukins ferðamannastraums.

Ábyrgð í loftslagsmálum

Suðurorka telur að í matið vanti fullnægjandi umfjöllun um ábyrgð Íslands í loftslagsmálum og þátt rammaáætlunar til að nýta endurnýjanlega orkuauðlindir út frá slíkum hnattrænum sjónarmiðum. En Suðurorka hefur talið það óábyrgt að flokka stóra virkjunarkosti eins og Búlandsvirkjun með hugsanlegra óafturkræfum hætti á grundvelli ófullbúinna matsaðferða verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Sérstaða landeigendasamninga vegna Búlandsvirkjunar

Suðurorka hefur þróað samning við landeigendur og nærsamfélag Búlandsvirkjunar sem felur í sér að umtalsvert meiri tekjur endi hjá þeim en tíðkast hefur í sambærilegum verkefnum á Íslandi. Ekki er hægt að sjá að virkjunarkosturinn Búlandsvirkjun fái notið þess í lokaskýrslunni að framkvæmdaaðili, landeigendur og nærsamfélag hafi mótað samkomulag um tekjuskiptingu þar sem tryggð er fjármögnun samfélagsverkefna sem nærsamfélag kys að ráðast í, fastar árlegar tekjur myndu renna til ábúenda lögbýla óháð réttindum sem þeir leggja til virkjunar ásamt háum auðlindagjöldum til eigenda vatnsréttinda og lands. Í sama samning er gert ráð fyrir að renna stoðum undir aukinn sauðfjárbúskap sem er sú atvinnugrein sem flestir í nærsamfélagi vilja stunda með opnun beitarhólfs á ágætu beitilandi austan Skaftár sem ekki hefur verið nýtt til beitar í fjölda ára. En með fjármögnun Suðurorku á girðingu á beitarhólfs þar má auka fjárstofn svæðisins umtalsvert án þess að reyna á þolmörk viðkvæmra afréttarlanda í Skaftártungu sem liggja hundruðum metrum hærra yfir sjávarmáli en fyrirhugað beitarhólf.

Ósamræmi mats á umhverfisáhrifum og mati faghópa

Suðurorka fékk sérfræðinga hjá Mannvit til að fara yfir samræmi fyrirbyggjandi gagna úr annars vegar mati á umhverfisáhrifum Búlandsvirkjunar og hins vegar mati í rammaáætlun, sjá Fylgiskjal 1 Búlandsvirkjun -Yfirferð á ósamræmi á milli Rammaáætlunar 3 og mats á umhverfisáhrifum. En þar kemur fram:

“Við mat á áhrifum virkjunar virðast báðir faghópar hafa lagt sig alla fram um að meta áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á versta veg. Lítið sem ekkert tillit virðist vera tekið til þeirra viðamiklu gagna sem búið var að afla í tengslum við mat á umhverfisáhrifum.”

Í yfirferð sérfræðinga Mannvits var sérstaklega tekið fram að aðferðir við afmörkun landssvæða til mats eru Búlandsvirkjun sérstaklega óhagstæðar og mjög fjarlægir staðir og þekktir staðir eru dregnir undir áhrifasvæðið.

Gildi landsins sem beitilands er blásið upp þegar staðreyndin er sú að á áhrifasvæðinu hafa ekki sést fleiri en 100 kindur á beit þegar mest er..

Gert er mikið úr óvissu vegna vatnsbúskapar veiðisvæða neðan virkjunar sem rímar ekki við niðurstöður mats á umhverfisáhrifum. Þá virðist vera litið framhjá virkni mannvirkis sem hannað er til að viðhalda núverandi deilingu vatns milli farvega neðan útfalls virkjunar sem eyðir þessari óvissu.

Forsendur mats faghópa

Suðurorka hefur bent verkefnisstjórn á mikilvægi þess að skjalfest sé á hvaða gögnum faghópar byggja mat sitt. Miðað við framangreint er enn skortur á þessu þótt sumt sé betur gert en í áfanga 2. Óskiljanlegt er af hverju faghópar og verkefnisstjórn láta hjá líða að vísa í gögn að baki mati sínu með skýrum hætti, en með því var tenging við gögn rofin, í stað þess að halda umræðu faglegri og gagnsærri.

Stærð virkjunarkosta

Í skýrslunni eru allir stórir vatnsaflskostir settir í verndarflokk. Eðlilega eru áhrif eins stórs virkjunarkosts meiri en eins lítils en ef virkja þarf 3-6 virkjanakosti til að vinna sömu orku þá geta umhverfisáhrif þessara virkjunarkosta samanlagt reynst meiri en fyrir einn stóran. Suðurorka telur ótækt að ekki sé tekið mið af stærð virkjunarkosta við mat þeirra.

Skaðabótaskylda - Áskilnaður

Suðurorka á rétt til skaðabóta vegna þess tjóns, sem fyrirtækið verður fyrir ef ekki verður af byggingu Búlandsvirkjunar vegna þess viðsnúnings, sem Suðurorka telur að orðið hafi við meðferð Búlandsvirkjunar í ferlinu. Suðurorka telur enda að sú breyting byggji hvorki á lögmætum né málefnalegum grundvelli, heldur feli hún í sér ólögmæta breytingu frá fyrirbyggjandi aðalskipulagi Skaftárhrepps. Suðurorka hefur lagt í gríðarlega vinnu við verkefnið, með tilheyrandi kostnaði, í góðri trú í ljósi þess að Búlandsvirkjun er á framangreindu aðalskipulagi og þeirra réttmætu væntinga sem það hefur skapað. Í því sambandi, og til viðbótar því sem að framan er rakið, má nefna að vinna við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar er langt komin. Vegna þessa áskilur Suðurorka sér rétt til að setja fram á síðari stigum skaðabótakröfu vegna alls tjóns síns sem leiðir af framangreindu. Í því sambandi áskilur Suðurorka sér meðal annars rétt til að krefjast skaðabóta vegna tapaðs hagnaðar af

fyrirhugaðri framkvæmd og eftir atvikum skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar Suðurorku vegna vinnu við undirbúning verkefnisins, auk vaxta og alls kostnaðar. Vísar Suðurorka í þessu sambandi meðal annars til almennra reglna skaðabótaréttar og stjórnsýsluréttar, sbr. og ákvæði 51. gr., 51. gr. a og 51. gr. b í skipulagslögum nr. 123/2010.

F.h. Suðurorku,

Guðmundur Valsson framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl

- Minnisblað Búlandsvirkjun -Yfirferð á ósamræmi á milli Rammaáætlunar 3 og mats á umhverfisáhrifum.
- Bréf starfshóps Veiðifélags Skaftártungumanna og Suðurorku til landeigenda og ábúenda í Skaftártungu
- Minnisblað um helstu þætti samnings Suðurorku og nærsamfélags vegna Búlandsvirkjunar